

Stjórnarháttaryfirlýsing 2010

Auður Capital hf.

1. Inngangur.

Auður Capital hf. er hlutafélag sem stofnað var þann 15. apríl 2007. Félagið er verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu.

Auður Capital hf. fylgir þeim reglum sem að fjalla um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um hlutafélög og lögum um fjármálafyrirtæki. Stjórn félagsins hefur stuðst við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands frá 2009 við gerð stjórnarháttaryfirlýsingar þessarar.

Stofnendur, stjórn og starfsmenn Auðar Capital hafa frá upphafi lagt mikla áherslu á að viðhafa góða stjórnarhætti í starfsemi sinni. Á hverjum tíma hefur félagið lagt áherslu á að uppfylla ákvæði laga og reglna, sem og leiðbeininga Viðskiptaráðs. Jafnframt hefur stjórn félagsins horft til alþjóðlegra vinnubragða í sínum störfum og leitast við að haga sinni vinnu í samræmi við það sem best gerist alþjóðlega.

Auður leggur ríka áherslu á ábyrga viðskiptahætti. Kjarninn í hugmyndafræði Auðar er að með ábyrgri hegðun og ákvarðanatöku náist betri langtíma árangur, bæði fyrir fyrirtækið og hluthafa þess, sem og samfélag og umhverfi.

2. Gildi Auðar.

Gildi Auðar eru í senn leiðarljós og hornsteinn í daglegri starfsemi og allri ákvarðanatöku félagsins og stjórnenda þess.

Gildi Auðar eru:

- óháð staða,
- áhættumeðvitund,
- gagnsæi og hreinskiptni,
- mannleg nálgun og
- ábyrg arðsemi.

3. Samfélagsleg ábyrgð.

Auður leggur ríka áherslu á ábyrga hegðun gagnvart samfélagi og umhverfi. Meðal grundvallarþátta í ábyrgri hegðun er að stunda gagnrýna hugsun, veita greinagóðar upplýsingar og gera ýtrustu ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Við gerum lögum og reglum hátt undir höfði og fórnum ekki langtímahagsmunum fyrir skammtímahagsmuni. Við leggjum áherslu á virka fjárfestingarstefnu og beitum viðmiðum um samfélagsábyrgð sé þess nokkur kostur auk þess sem við beitum okkur með beinum hætti þegar um er að ræða fjárfestingar fagfjárfestastjóða í óskráðum félögum. Síðast en ekki síst leggjum við áherslu á að stuðla að jafnvægi og fjölbreytni í fjármálum og viðskiptum.

Auður rekur tvo góðgerðarsjóði.

AlheimsAuður er samfélagssjóður ætlaður til að hvetja konur til frumkvæðis og athafna, einkum í þróunarlöndum. Á árinu 2008 lagði Auður 10 milljón króna stofnframlag í sjóðinn, félagið mun greiða 1% af hagnaði hvers árs í sjóðinn og býður viðskiptavinum jafnframt að gera slíkt hið sama. Stjórn AlheimsAuðar tekur ákvörðun um úthlutun styrkja.

Dagsverk Auðar er samfélagsverkefni starfsmanna Auðar. Dagsverkið felst í því að starfsmenn gefa andvirði eins dags launa á hverju ári í verðugt málefni. Ennfremur vinna allir starfsmenn Auðar sem nemur einum vinnudegi á ári í þágu góðs málefnis. Starfsmenn Auðar velja verkefni sem hljóta fjár- eða vinnuframlag.

Umhverfisstefna Auðar miðar að því að leggja áherslu á nægjusemi og að nota minna til að koma í veg fyrir sóun. Við leggjum ennfremur áherslu á að nota umhverfisvænar og endurnýtanlegar vörur og að farga rusli á endurvinnanlegan og umhverfisvænan hátt.

Félagið hefur ekki sett sér sérstakar siðareglur. Gildi félagsins, áhersla á gott viðskiptasiðferði og heiðarleg vinnubrögð, sem og stefna félagsins um samfélagsábyrgð hafa frá stofnun þess verið hornsteinn starfseminnar og sameiginlegt verkefni stofnenda, hluthafa og starfsmanna. Auk þess hefur félagið sett sér verklagsreglur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og verklagsreglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Verklagsreglurnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

4. Stjórn.

Aðalstjórn Auðar skipa: Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður, David Adams, Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Kristín Edwald og Vilhjálmur Þorsteinsson.

Varamenn eru: Guðrún Pétursdóttir, Gunnar Þór Pétursson, Hallgrímur Snorrason, Ingunn Wernersdóttir og Ragnheiður Jónsdóttir.

Stjórnin uppfyllir tilmæli 63. gr. hlutafélagalaga 2/1995, um að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% í stjórn og varastjórn.

Stjórn Auðar hefur sett sér starfsreglur. Í starfsreglum kemur fram að stjórn og forstjóri skulu í störfum sínum leggja áherslu á að bera virðingu fyrir hagsmunum viðskiptavina og gæta fyllsta trúnaðar um málefni þeirra. Ennfremur skulu þeir leggja sig fram um að tryggja trúverðugleika og gott orðspor fyrirtækisins, og jafnframt gæta þess að allar aðgerðir séu í samræmi við lög, reglur og samkvæmt ströngustu siðareglum.

Stjórnin hefur það að markmiði samkvæmt starfsreglum að halda a.m.k. sex stjórnarfundi á ári. Jafnframt getur stjórnin tekið ákvarðanir skriflega eða með rafrænum hætti.

Hlutverk stjórnarinnar er að móta stefnu, hafa eftirlit með starfseminni og taka stærri

ákvarðanir fyrir fyrirtækið. Stjórn er ásamt forstjóra fulltrúi fyrirtækisins í öllum málefnum þess og hefur yfirsýn með stjórnun og skilvirkri starfsemi. Stjórn ber ábyrgð á að nægilegt eftirlit sé haft með reikningum fyrirtækisins. Stjórn hefur umsjón með þeim málum sem henni eru falin samkvæmt lögum, reglum og tilmælum Fjármálaeftirlitsins og samþykktum félagsins. Stjórn ræður forstjóra fyrir félagið og veitir viðeigandi umboð til að undirrita skuldbindingar fyrir hönd félagsins.

Stjórnarmenn skulu hafa viðhlítandi þekkingu á starfsemi fyrirtækisins og þeim geira sem það starfar í. Þannig skal tryggt að viðkomandi stjórnarmaður sé hæfur til að taka virkan þátt í störfum stjórnar eða þeirra undirnefnda sem stjórn kann að skipa. Stjórnarmenn heita þess að hagsmunir fyrirtækisins skuli ávallt settir ofar þeirra eigin hagsmunum

Starfsreglur stjórnar kveða nánar á um starfsemi stjórnar og stjórnarmanna, þar er meðal annars fjallað ítarlega um hæfi stjórnarmanna til að fjalla um einstaka mál og þætti er varðar trúnað.

5. Forstjóri.

Kristín Pétursdóttir, er fædd 9. nóvember 1965 og er búsett í Hafnarfirði.

Hún er ráðin af stjórn félagsins til að bera ábyrgð á daglegum rekstri fyrirtækisins og hefur hún stýrt félaginu frá stofnun þess 15. apríl 2007.

Kristín er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og er með mastersgráðu í alþjóðaviðskiptum frá Handelshöyskolen í Bergen í Noregi.

Kristín starfaði hjá Kaupþingi banka frá árinu 1997-2006. Á árunum 1999-2005 var Kristín framkvæmdastjóri fjárstýringar og sá um fjármögnun bankans. Frá 2005-2006 var hún aðstoðarforstjóri hjá Kaupþingi Singer & Friedlander í London og hafði yfirumsjón með samþættingu Singer & Friedlander við Kaupþing banka.

6. Framkvæmdastjórn.

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð lykilstarfsmönnum félagsins sem tilgreindir eru hér að neðan. Hver framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu ábyrgðarsviði gagnvart forstjóra.

Ábyrgðarsvið er skilgreint í ráðningarsamningi hvers framkvæmdastjóra og í skipuriti. Reglulegir fundir framkvæmdastjórnar eru aðra hverja viku og oftár ef við á.

Framkvæmdastjórn félagsins skipa:

Kristín Pétursdóttir, forstjóri,
Tanya Zharov, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs og staðgengill forstjóra,
Arna Harðardóttir, framkvæmdastjóri fagfjárfestasviðs,
Margit Robertet, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar,
Kristján Einarsson, framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs,
Þórunna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri samskipta, mannauðs og þjónustu,
María Sólbergisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs,
Tómas Gíslason, framkvæmdastjóri áhættustýringar og upplýsingatækni.

7. Endurskoðunarnefnd.

Stjórnin hefur kjörið eina undirnefnd sem er endurskoðunarnefndin og hittist hún að minnsta kosti tvisvar á ári og oftár ef þörf krefur. Stjórn ákvarðaði skipan nefndarmanna endurskoðunarnefndar á stjórnarfundum sínum í maí 2010. Í hana voru skipuð þau Hallgrímur Snorrason sem er formaður nefndarinnar, Guðbjörg Edda Eggertsdóttir og Kristín Edwald. Hallgrímur Snorrason er 1. varamaður í stjórn, þær Guðbjörg Edda og Kristín eru stjórnarmenn. Hallgrímur og Kristín eru bæði óháð fyrirtækinu og stórum hluthöfum og Guðbjörg Edda er óháð fyrirtækinu í skilningi leiðbeininga Viðskiptaráðs um góða stjórnarhætti.

Í samræmi við reglur um hlutverk endurskoðunarnefndar sem stjórn félagsins hefur sett skal nefndin leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess.

Nefndin skal m.a. hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- a) Eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila.

- b) Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun, áhættustýringu og annarra eftirlitsaðgerða.
- c) Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings félagsins.
- d) Eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis fyrir félagið.
- e) Mat á óhæði endurskoðanda og endurskoðunarfyrtækis.
- f) Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðendum.

Endurskoðunarnefnd ber að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Nefndin skal meta skilvirkni og áreiðanleika eftirlitsþátta í bókhaldi og á fjármálasviði félagsins til að tryggja sem best að upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Í þessum tilgangi skal nefndin afla upplýsinga hjá fjármálastjóra, forstjóra og ytri endurskoðanda.

Endurskoðunarnefnd skal skila skýrslum um störf sín til stjórnar eigi sjaldnar en árlega.

8. Fundir stjórnar og endurskoðunarnefndar.

Stjórn Auðar hélt níu stjórnarfundi á árinu 2009 og fimm stjórnarfundi á árinu 2010. Stjórnin tekur einnig ákvarðanir með rafrænum hætti. Mæting stjórnarmanna á árinu 2010 var þannig háttað að tveir stjórnarmanna forfölluðust einu sinni hvor um sig á einn fund og var í bæði skiptin kallaður inn 1. varamaður á fundinn. Á öllum fundunum voru því mættir fimm stjórnarmenn til að fjalla um mál og taka ákvarðanir.

Endurskoðunarnefndin hélt þrjá fundi á árinu 2010.

9. Starfsreglur.

Starfsreglur stjórnar voru fyrst settar árið 2008. Stjórn félagsins setti sér nýjar starfsreglur í árslok 2010 í samræmi við breytingar sem orðið hafa á löggjöf um hlutafélög og fjármálafyrirtæki og eru þær reglur til umfjöllunar hjá Fjármálaeftirlitinu í samræmi við ákvæði laga.

Starfsreglur endurskoðunarnefndar voru settar árið 2010 og starfskjarastefna var samþykkt á aðalfundi í mars 2010. Ofangreind skjöl eru aðgengileg á vefsíðu félagsins.

10. Upplýsingar um stjórnarmenn.

Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður, fædd 11. október 1968, til heimilis í Kópavogi. Halla hefur setið í stjórn Auðar Capital frá stofnun félagsins 15. apríl 2007.

Halla lauk viðskiptafræðiprófi frá Auburn University í Alabama og MBA prófi í alþjóðlegum viðskiptum frá Thunderbird í Arizona.

Halla er stjórnarformaður Veritas Capital hf og IP-fjarskipta hf. Hún situr einnig í stjórn Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf., Vera líf ehf. og Yggdrasils ehf.

Halla er í fullu starfi sem stjórnarformaður félagsins og þiggur laun frá félaginu í samræmi við ráðningarsamning sem stjórn hefur gert við hana. Auk almennra verkefna stjórnarformanns sem eru í samræmi við hlutafélagalög hefur stjórnin falið stjórnarformanni að bera ábyrgð á stefnumótun félagsins innanlands og erlendis. Stjórnarformaður tekur þátt í að vinna að hagsmunagæslu fyrir félagið með þátttöku í ráðstefnum og fundum hér á landi og erlendis. Stjórnarformaður situr í ýmsum stjórnnum á vegum Auðar Capital meðal annars stjórnnum atvinnufyrirtækja sem fagfjárfestastjóðurinn AUBUR I hefur fjárfest í. Stjórnarformaður kemur ekki að daglegum rekstri Auðar Capital enda er það hlutverk á ábyrgð forstjóra félagsins.

Halla er eini hluthafi einkahlutafélagsins HT Capital ehf. sem á í árslok 2010 16,67% hlut í félaginu. Halla á ekki kauprétti á hlutafé í félaginu.

David Adams, fæddur 6. nóvember 1963 til heimilis í Kaupmannahöfn.

David rekur New Solutions ApS, fyrirtæki sem sinnir ráðgjöf á sviði vörumerkjastjórnunar og viðskiptaþróunar.

Hann settist í stjórn Auðar Capital 11. júní 2008.

David lauk námi í hagfræði og stærðfræði frá Loughborough University í Englandi árið 1984.

David Adams þiggur ekki stjórnarlaun fyrir stjórnarsetu sína í Auði Capital hf. David Adams er hluthafi í Auði Capital og á 0,89% hlut í félaginu. David á ekki kauprétti í félaginu.

Á árinu 2010 veitti New Solutions ApS einkahlutafélag í hans eigu Auði Capital þjónustu á armslengdarkjörum, sjá nánari upplýsingar í ársreikningi félagsins.

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, fædd 13. janúar 1951, til heimilis í Hafnarfirði

Guðbjörg Edda er forstjóri Actavis á Íslandi. Hún hefur starfað hjá félaginu og forverum þess frá 1976. Guðbjörg Edda settist í stjórn Auðar Capital 1. október 2008.

Guðbjörg Edda er með kandiðatspróf í lyfjafræði.

Guðbjörg Edda þiggur ekki stjórnarlaun fyrir stjórnarsetu sína í Auði Capital hf. Í árslok 2010 á hún 16,17% hlut í Auði Capital persónulega og í gegnum einkahlutafélag í hennar eigu. Guðbjörg Edda á ekki kauprétti í félaginu.

Kristín Edwald, fædd 15. apríl 1971, til heimilis í Reykjavík.

Kristín er hæstaréttarlögmaður og einn af eigendum og stjórnarmaður lögmannsstofunnar LEX.

Kristín settist í stjórn Auðar Capital 23. mars 2009.

Kristín lauk cand. juris prófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1997, hún hlaut réttindi sem héraðsdómsslögmaður árið 1998 og sem hæstaréttarlögmaður árið 2005.

Kristín Edwald þiggur stjórnarlaun fyrir setu sína í stjórn félagsins, kr. 40.000 pr. fund. Kristín á hvorki hlutafé í félaginu né kauprétti að hlutum.

Lex ehf. Lögmannsstofa veitti Auði Capital lögmannsþjónustu á árinu 2010, sjá nánari upplýsingar í ársreikningi félagsins.

Vilhjálmur Þorsteinsson, fæddur 30. desember 1965, til heimilis í Reykjavík.

Vilhjálmur starfar sem fjárfestir, einkum á sviði upplýsingatækni. Vilhjálmur settist í stjórn Auðar Capital fyrst sem varamaður frá 23. mars 2009 og sem aðalmaður frá 22. mars 2010.

Hann er stjórnarformaður Verne Holding og situr í stjórnnum nokkurra frumkvöðla- og upplýsingatæknifyrirtækja, meðal annars CCP, DataMarket, Gogogic og Gogoyoko.

Vilhjálmur þiggur ekki stjórnarlaun frá Auði Capital hf. Vilhjálmur á 9,13% hlut í Auði Capital í árslok 2010. Vilhjálmur á ekki kauprétti í félaginu.

Hallgrímur Snorrason er 1. varamaður í stjórn félagsins og formaður endurskoðunarnefndar.

Hallgrímur starfar sem sjálfstæður ráðgjafi við skipulag og uppbyggingu opinberrar hagsýslugerðar, einkum í þróunarríkjum.

Hallgrímur var skipaður formaður endurskoðunarnefndar í maí 2010. Hallgrímur var aðalmaður í stjórn Auðar frá 23. mars 2009 til 22. mars 2010 og varamaður frá þeim tíma.

Hallgrímur lauk B. Sc. Prófi í hagfræði við Háskólann í Edinborg 1969 og M.Sc. prófi í hagfræði frá Háskólanum í Lundi 1971.

Hallgrímur þiggur stjórnarlaun fyrir setu á stjórnarfundum félagsins og fundum endurskoðunarnefndar, kr. 40.000 fyrir hvern fund. Hallgrímur á hvorki hlutafé í félaginu né heldur kauprétti að hlutum.

11. Óhæði stjórnarmanna.

Samkvæmt skilgreiningum leiðbeininga um stjórnarhætti teljast Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson og Kristín Edwald, eða 60% stjórnarmanna óháð fyrirtækinu. Vilhjálmur Þorsteinsson, David Adams og Kristín Edwald teljast samkvæmt sömu viðmiðum óháð stórum hluthöfum.

12. Árangursmat stjórnar.

Stjórn Auðar Capital hefur haldið árlegan stefnumótunarfund strax að loknum aðalfundi þangað sem öllum varamönnum er jafnframt boðið til að fara yfir farinn veg og ræða framtíðarhorfur og meðal annars farið yfir það hvort stjórnin teljist sinna hlutverki sínu og starfa í samræmi við starfsreglur stjórnarinnar.

13. Innra eftirlit og áhættustýring félagsins í tengslum við gerð reikningsskila.

Til að tryggja sem best að reikningsskil séu í samræmi við góða reikningsskilavenju hefur félagið lagt áherslu á að ábyrgðasvið séu vel skilgreind, eðlileg aðgreining starfa sé til staðar, sem og regluleg skýrslugjöf og gegnsæi í starfseminni. Ferli fyrir mánaðarlega skýrslugjöf ásamt frávikaskýrslu fyrir einstök svið starfseminnar er mikilvægur þáttur í eftirliti til að koma í veg fyrir, uppgötva og leiðrétta skekkjur og ósamræmi í skýrslugjöf. Tilgangur eftirlitsþátta er að koma í veg fyrir, uppgötva og leiðrétta skekkjur en þeir koma ekki í veg fyrir að villur eða ósamræmi geti átt sér stað.

Félagið hefur sett sér skýr markmið um hámarksáhættu. Mánaðarlega eru eftirfarandi áhættur metnar: gjaldeyrisáhætta, markaðsáhætta og lausafjánhætta. Þess utan er rekstraráhætta metin einu sinni á ári eða oftár ef þörf krefur. Sjálfsmat áhættu hvers sviðs er mikilvægur þáttur í greiningu rekstraráhættu og er stefnt að því að þeirri vinnu ljúki á fyrstu mánuðum ársins 2011. Innra mat á eiginfjárpörf (ICAAP) er yfirfarið með reglubundnum hætti

og metið hvort nýir áhættuþættir eða breytingar í starfsemi félagsins hafi orðið til þess að breyta þurfi áhættustýringu félagsins.

Innri endurskoðandi fer yfir innri og ytri skýrslugjöf ásamt athugun á samræmi við gildandi verklagsreglur, lög og reglur. Þess utan fer innri endurskoðandi yfir hvernig Auður Capital greinir og stýrir áhættum sem steðja að félaginu. Einu sinni á ári gefur innri endurskoðandi endurskoðunarnefnd félagsins skýrslu með upplýsingum m.a. um skilvirkni innra eftirlits vegna fjárhagslegra upplýsinga og áhættustýringarferla.

14. Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar.

Í árslok 2010 eru hluthafar félagsins 27 talsins. Félagið er ekki skráð á skipulegan verðbréfamarkað. Hluthafar geta leitað til stjórnarformanns eða starfsmanna félagsins um viðeigandi upplýsingar. Félagið hvetur alla hluthafa til að mæta á aðalfund til að afla sér upplýsinga um starfsemi félagsins.

15. Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað.

Auður Capital hf. undirgekkst sátt við Fjármálaeftirlitið og greiddi kr. 500.000 í fjársekt á árinu 2010, fyrir að hafa fyrir mistök notað hugtakið „fjárfestingarsjóður“ í stað hugtaksins „fagfjárfestingsjóður“ í samsettri merkingu á heimasíðu félagsins. Félagið leiðrétti mistökin um leið og þau uppgötvuðust og telur að enginn hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirra.

16. Niðurlag.

Stjórn félagsins hefur sett saman stjórnarháttaryfirlýsingu þessa eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita sem bestar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Samþykkt af stjórn Auðar Capital hf., 10. febrúar 2011

Halla Tómasdóttir

David Adams

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir

Kristín Edwald

Vilhjálmur Þorsteinsson